

Dvalarheimili aldraðra sf.

kt. 570577-0349,
Vallhottsvegi 15 - 21, 640 Húsavík.

Ársreikningur 2015

Efnisyfirlit

bls.

Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra og áritun á ársreikninginn	2 - 3
Áritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6 - 7
Sjóðstreymi	8
Reikningsskilaaðferðir	9 - 10
Skýringar og sundurliðanir	11 - 18

Skýrsla stjórnar og áritun

Meginstarfsemi félagsins

Félagið er sameignarfélag sem stofnað var til þess að koma upp og starfrækja dvalarheimili aldraðra í Húsavík og víðar á svæði sveitarfélaganna er aðild eiga að því. Félagið starfar á grundvelli laga nr. 125/1999 um málefni aldraðra með síðari breytingum og skv. samþykktum sameignarfélagsins Dvalarheimili aldraðra sf. frá árinu 2009. Félagið rekur dvalar- og hjúkrunarheimili á Húsavík, dagvistun á Kópaskeri og dagvistun og leiguíbúðir á Raufarhöfn. Einnig rekur félagið þjónustu við eigendur sjálfseignaríbúða fyrir aldraða á Húsavík. Kostnaði við fjárfestingu svo og hugsanlega tapi af rekstri skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi fyrir sig miðað við 1. desember næstliðins árs, sbr. 3. gr. samþykktu félagsins.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Starfsemi félagsins skiptist í tvennt; byggingadeild og rekstur þjónustu- hjúkrunar- og vistdeilda.

Eignfærð fjárfesting á árinu nam 13,9 mkr. Þrjú viðskipti voru með búseturétt á árinu.

Legudagar í dvalarrýmum voru 6.200 á árinu líkt og á árinu 2014. Legudagar í hjúkrunarrýmum voru 8.643 en 7.285 á árinu 2014 og í hvíldarinnlögnum 721 samanborið við 744 á árinu 2014. Legudagar voru því samtals 16.060 en 15.587 á árinu 2014. Vistrými í árslok 2015 eru 17 og nýting þeirra á árinu var 99,92%. Hjúkrunarrými eru í árslok 25 og nýtingin hjúkrunarrýma var 100% á árinu. Meðalaldur vistmanna er 85,8 ár. Á árinu 2015 störfuðu u.þ.b. 40 starfsmenn hjá félaginu í 33 stöðugildum.

Rekstrartekjur félagsins námu 397,7 mkr. samanborið við 374,1 mkr. árið 2014. Tekjur hækka því um 6,3% milli ára. Rekstrargjöld, án afskrifta og lífeyrisskuldbindinga, námu 432,3 mkr. samanborið við 356 mkr. árið 2014. Halli félagsins á árinu nam 72,3 mkr. samanborið við 21,0 mkr. halla árið áður. Laun og launatengd gjöld námu 232,3 mkr. án lífeyrisskuldbindinga samanborið við 182,3 mkr. árið 2014.

Gert er ráð fyrir að rekstur félagsins verði með svipuðu sniði á árinu 2016 og á árinu 2015.

Jöfnun halla

Stjórn félagsins vísar til skýringar nr. 6 í ársreikningi varðandi jöfnun á halla ársins.

Fjárhagsleg staða

Stjórnendur félagsins hafa á liðnum árum unnið að lausn á viðvarandi taprekstri félagsins. Á árunum 2010 til 2015 nam tap félagsins um 270,3 millj. króna. Eigið fé félagsins hefur þurrkast út og lausafjárstaða félagsins versnað. Rekstrarvandi dvalar- og hjúkrunarheimila um land allt er af sama toga; daggjaldagreiðslur frá ríkinu hafa ekki fylgt verðlagi og þjónustustigi. Í skýringu nr. 19 í ársreikningnum er fjallað um rekstrarhæfi félagsins.

Eignaraðild





Eignaraðilar að félaginu eru 4 sveitarfélög í Suður- og Norður-Þingeyjarsýslu, nánar tiltekið frá Þingeyjarsveit að vestan austur að og með Raufarhöfn í Norðurþingi.

Stjórn Dvalarheimilis aldraðra sf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2015 með áritun sinni.


Húsavík,

19. apríl 2016

Stjórn:


Steinþór Heiðarsson

Trausti Halsteinsson

Sigrún

Hrómundur

Framkvæmdastjóri:



Skýrsla framkvæmdastjóra

Starfsemi Dvalarheimilis aldraðra í Þingeyjarsýslum (DA) var árið 2015 með líku sniði og árið áður. Rekstrarstaða stofnunarinnar er hinsvegar óviðunandi. Ástæða þess er meðal annars að framlög til hjúkrunarheimila eru of lág. Umsamdar launahækkningar á árinu talsvert umfram þá fjármuni sem fengust í launabætur. Nýtt starfsmat kostaði stofnunina á annan tug milljóna sem hvergi voru bættar í fjárframlögum. Skortur á hjúkrunarrýmum í Þingeyjarsýslum orsakar það að sinna hefur þurft hjúkrunarsjúklingum í dvalarrýmum og er það baggi á rekstri félagsins.

Húsnæði DA þarfnast í dag verulegs viðhalds og er unnið skipulega að eftir úttekt á viðhaldspörfinni sem unnin var af Faglausn ehf. Glerskiptum var lokið með því að skipt var um gler í austurhlið Hvamms og húsið málað að utan. Stefnt er á að halda áfram að vinna að viðhaldi húsnæðisins samkvæmt úttekt Faglausnar ehf.

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga sameinaðist í Heilbrigðisstofnun Norðurlands(HSN) í lok árs 2014. Ákveðið var að halda áfram með samstarf milli HSN og DA þrátt fyrir sameininguna. Með þessu samstarfi hefur faglegt samstarf aukist og fjármunir sem settir hafa verið í heilbrigðisþjónustu á svæðinu verið betur nýttir. Það fylgir því þó talsverður flækjukostnaður að reka tvær einingar aðskildar þótt þær séu í svipuðum rekstri og klárlega væri betra ef öll heilbrigðisþjónusta á svæðinu væri á einni hendi.

Faglegt starf á sviði hjúkrunar hefur verið eftt mikið með samningi við HSN og hefur það ótvíræða kosti að öll hjúkrunarstjórn sé á sömu hendi. Vel hefur gefist að sjúklingar með heilabilun séu á Skógarbrekku HSN en þeir sem ekki hafi slíka greiningu séu í Hvammi.

Nýting hjúkrunar- og dvalarrýma í Hvammi hefur verið mjög góð og gæðavísar bera vott um góða ummönnun.

Starfsemi Stórumarkar hefur verið með líku sniði og undanfarin ár, en einingin er rekin af myndarskap og hugsjón. Hinsvegar hefur þeim sem sækja þjónustu þangað farið fækkandi og veldur það því að draga þarf úr starfsemi á starfstöðvarinnar til að lækka kostnað. Rekstur Víkur hefur verið með hefðbundnu sniði og hafa tvær af þrem íbúðum verið í leigu.

Nauðsynlegt er að byggja nýja hjúkrunarálmu á Húsavík til að bæta aðstöðu íbúa á hjúkrunardeildum í Hvammi og á sjúkrahúsi HSN. Taka þarf ákvörðun um staðsetningu slíkrar byggingar á árinu 2016. Samhliða er mikilvægt er að fundin verði flötur á starfsemi DA sem lýtur að rekstri hjúkrunarheimilis sem tryggir stöðugan rekstur til framtíðar og hámarks samlegð í rekstri heilbrigðisþjónustu á svæðinu.

Húsavík,

19. apríl 2016

Jón Helgi Björnsson,
framkvæmdastjóri DA.

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Dvalarheimilis aldraðra sf

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Dvalarheimilis aldraðra sf fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórn og framkvæmdastjóri / forstjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild og að ganga úr skugga um að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur og að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara vekjum við athygli á skýringu nr. 19 í ársreikningnum þar sem fjallað er um rekstrarhæfi félagsins.

Húsavík, 26. apríl 2016

PricewaterhouseCoopers ehf

Ljósbri Baldursdóttir

Ljósbri Baldursdóttir,
löggiltur endurskoðandi.

Rúnar Bjarnason

Rúnar Bjarnason,
löggiltur endurskoðandi.

Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur			
Þjónustu- og vistdeild:	3		
Daggjöld á vistdeild		72.384.801	70.637.000
Daggjöld á hjúkrunardeild		236.107.690	217.531.047
Dagvistargjöld		29.852.291	31.264.570
Þjónustugjöld		8.714.340	9.133.690
Húsaleigutekjur		9.178.988	8.746.060
Greiðslur vegna launabóta 2015		11.536.791	0
Húsnæðisgjald		21.134.287	25.737.371
Aðrar tekjur		7.179.994	4.537.480
Byggingadeild:			
Tekjur byggingadeildar		1.688.007	6.555.192
		<u>397.777.189</u>	<u>374.142.410</u>
Rekstrargjöld			
Þjónustu- og vistdeild:	4		
Laun og launatengd gjöld		232.331.923	182.333.664
Breyting á lífeyrisskuldbindingum		6.576.156	7.227.205
Matar- og kaffikostnaður		39.671.348	38.134.889
Annar rekstrarkostnaður		153.830.231	128.133.951
Byggingadeild:			
Ýmis rekstrarkostnaður		6.479.837	7.370.916
		<u>438.889.495</u>	<u>363.200.625</u>
(Rekstrarhalli) -afgangur án afskrifta		(41.112.306)	10.941.785
Afskriftir	5	17.267.908	18.378.406
		<u>456.157.403</u>	<u>381.579.031</u>
Rekstrarhalli fyrir fjármagnsliði		(58.380.214)	(7.436.621)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		1.632.864	1.869.129
Vaxtagjöld og verðbætur		(15.571.584)	(15.433.096)
		<u>(13.938.720)</u>	<u>(13.563.967)</u>
Halli ársins		<u>(72.318.934)</u>	<u>(21.000.588)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eignir	Skýr.	2015	2014
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	5		
Lóð		2.058.793	2.120.578
Bifreiðar		483.015	703.014
Áhöld og búnaður		6.768.780	6.945.750
Fasteignir		429.470.015	432.378.403
		<u>438.780.603</u>	<u>442.147.745</u>
Aðrar eignir:			
Skuldabréf á búseturéttarhafa	9	15.869.593	32.254.253
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	1.268.000	1.268.000
Listaverk		386.275	386.275
		<u>17.523.868</u>	<u>33.908.528</u>
Fastafjármunir samtals		456.304.471	476.056.273
Veltufjármunir			
Vörubirgðir		1.296.715	685.789
Næsta árs afborgun skuldabréfaeignar	9	5.119.852	2.833.145
Viðskiptakrafa vegna sölu á búseturétti		18.664.393	23.662.441
Ýmsar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	9.892.537	5.052.871
Viðskiptakröfur	12	24.288.353	21.887.317
Kröfur á tengda aðila	20	2.846.916	1.359.095
Handbært fé	13	2.984.867	561.743
		<u>65.093.633</u>	<u>56.042.401</u>
Eignir samtals		<u>521.398.104</u>	<u>532.098.674</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

Eigið fé og skuldir	Skýr.	2015	2014
Eigið fé	6		
Gjafir		29.102.636	29.102.636
Framlög eignaraðila		534.078.410	504.558.410
Ójafnað tap		(660.793.920)	(588.458.707)
		<u>(97.612.874)</u>	<u>(54.797.661)</u>
Skuldir			
Skuldbindingar			
Lífeyrisskuldbindingar	15	57.038.310	54.900.000
Langtímaskuldir			
Skuldir við búseturéttarhafa	10	250.630.749	267.235.578
Verðtryggðar skuldir	7	<u>161.075.861</u>	<u>145.835.774</u>
		411.706.610	413.071.352
Skammtímaskuldir:			
Bankalán		0	15.309.762
Skuld vegna innlausnar á búseturétti	10	23.461.051	14.994.652
Viðskiptaskuldir og ýmsar skammtímaskuldir	14	73.856.107	45.110.763
Fyrirframgreiddar tekjur		28.759.381	22.268.851
Næsta árs afborganir og vanskil langtímaskulda	7	<u>24.189.519</u>	<u>21.240.955</u>
		150.266.058	118.924.983
Skuldir samtals		619.010.978	586.896.335
Eigið fé og skuldir samtals		<u>521.398.104</u>	<u>532.098.674</u>

Aðrar upplýsingar

16-19

Sjóðstreymi ársins 2015

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Rekstrarhreyfingar		
Hreint veltufé (til rekstrar) frá rekstri:		
Halli ársins	(72.318.934)	(21.000.588)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	17.267.908	18.378.406
Hækkun á lífeyrisskuldbindingu	6.576.156	7.227.205
Verðbætur skuldabréfaeignar og langtímaskulda	3.773.682	1.374.976
	<u>(44.701.188)</u>	<u>5.979.999</u>
 (Hækkun) lækkun rekstrartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(8.728.523)	(8.532.929)
Birgðir	(610.926)	219.094
Greitt vegna lífeyrisskuldbindinga	(4.437.846)	(4.137.205)
Hækkun rekstrartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	<u>35.235.874</u>	<u>9.652.001</u>
	21.458.579	(2.799.040)
 Handbært fé (til rekstrar) frá rekstri	<u>(23.242.609)</u>	<u>3.180.960</u>
 Fjárfestingahreyfingar		
Innleystur íbúðarréttur	(38.996.579)	(51.750.992)
Eignfærðar endurbætur á fasteignum	(13.900.766)	(9.566.067)
Seldur búseturéttur	22.375.471	59.978.952
	<u>(30.521.874)</u>	<u>(1.338.107)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar		
Innborganir frá eignaraðilum	29.520.000	30.097.649
Bankalán, breyting	(15.309.762)	(8.477.404)
Afborganir skuldabréfaeignar	14.736.693	2.831.907
Afborganir langtímalána	(21.223.771)	(18.256.178)
Nýtt langtímalán	35.000.000	0
Breyting vegna kaupa/sölu á íbúðarrétti	13.464.447	(7.809.870)
	<u>56.187.607</u>	<u>(1.613.896)</u>
 Hækkun á handbæru fé á árinu	2.423.124	228.957
Handbært fé í byrjun tímabils	561.743	332.786
 Handbært fé í árslok	<u>2.984.867</u>	<u>561.743</u>
 Greiddir vextir	<u>(8.717.977)</u>	<u>(8.579.489)</u>

Reikningsskilaaðferðir

1. Almennar upplýsingar

Félagið rekur þjónustu- hjúkrunar og vistdeild fyrir aldraða á Húsavík, Kópaskeri og Raufarhöfn. Heimilisfesti félagsins er að Vallholtsvegi 15 - 21, 640 Húsavík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

2.2 Innlausn tekna

Tekjur eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda og hægt er að meta fjárhæðina með ábyggilegum hætti. Tekjur eru færðar á gangvirði móttækis gagngjalds eða kröfu, og endurspeglar móttækna fjárhæð fyrir selda vöru eða þjónustu að frádregnum afslætti, vöruskilum og virðisaukaskatti.

2.3 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun hluthafafundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok.

2.4 Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Afskriftahlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

Fasteignir	2%
Lóðarframkvæmdir	4%
Bifreiðar og lyftarar	12 og 20%
Tæki og búnaður	12%

Afskriftir eigna reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbæturnar hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími verður lengri. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

2.5 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra.

Reikningsskilaaðferðir

2.6 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að fráreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

2.7 Áhættufé í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á upphaflegu kaupverði.

2.8 Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding félagsins vegna starfsmanna Hvamms hefur verið reiknuð miðað við tryggingafræðilegar forsendur og 2% vexti umfram hækkunar á kauplagi og færð til skuldar í efnahagsreikningi miðað við útreiknaða stöðu af tryggingafræðingi 31. desember 2015. Breyting lífeyrisskuldbindingarinnar á árinu hefur verið færð til gjalda í rekstrarreikningi.

2.9 Verðtryggðar eignir og skuldir

Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í ársbyrjun 2016. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikning.

2.10 Áfallið orlof

Áunnið áfallið orlof fastra starfsmanna á tímabilinu 1. maí til 31. desember er áætlað og gjaldfært í rekstrarreikningi og á móti til skuldar í efnahagsreikningi.

2.11 Íbúðarréttur/búsetusamningar

Um er að ræða greiðslur íbúðarréttarhafa um búseturétt í vernduðum þjónustuíbúðum við Hvamm - heimili aldraðra. Búseturéttur er ótímabundinn og óuppsegjanlegur ef búseturéttthafi hefur innt af hendi greiðslur skv. fjármögnunaryfirlýsingu og samningi um búseturétt. Búseturéttthafi getur sagt upp samningnum með 3ja mánaða fyrirvara. Endurgreiðsla á þeim fjárfamlögum sem hann hefur reitt af hendi til tryggingar búseturéttar er endurgreiddur á 18 mánaða tímabili frá því að uppsögn samnings tekur gildi. Skuldir við búseturéttarhafa vegna búsetu í einstökum búseturéttaríbúðum eru færðar upp miðað við stöðu þeirra í árslok 2015.

2.12 Framlög eignaraðila

Kostnaði við fjárfestingu svo og hugsanlegu tapi af rekstri, skal skipt milli eignaraðila í hlutfalli við íbúafjölda í hverju sveitarfélagi fyrir sig miðað við 1. desember næst liðins árs. Framlag sveitarfélaga skal reiknað út þannig að sveitarfélag, þar sem þjónustan er staðsett, greiðir óskipt 25% af útgjöldum vegna viðkomandi rekstrareiningar, en 75% útgjaldanna skipast milli allra aðildarsveitarfélaganna í ofangreindu hlutfalli.

2.13 Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstandur af sjóði, óbundnum bankainnstæðum, skammtímaverðbréfum til skemmri tíma en 3ja mánaða að fráregnum yfirdrætti á bankareikningum. Yfirdrættir á bankareikningum eru sýndir meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.14 Tekjuskattur

Félagið er undanþegið tekjuskatti skv. 4. gr. laga nr. 90/2003.

2.15 Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að viðbættum áföllnum vöxtum.

2.16 Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda.

2.17 Skuldbindingar

Félagið færir skuldbindingu þegar félagið hefur lagalega eða samningslega skyldu til að greiða skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt sé að mæla þær með ábyggilegum hætti.

Skýringar

3. Rekstrartekjur

	2015	2014
Daggjöld		
Vistunarframlag, Húsavík	72.384.801	70.637.000
Daggjöld á hjúkrunardeild.....	236.107.690	217.531.047
Dagvistargjöld		
Dagvistargjöld, Húsavík.....	17.513.000	16.888.420
Dagvistargjöld Mörk, Kópaskeri.....	7.888.378	8.553.800
Dagvistargjöld Vík, Raufarhöfn.....	4.450.913	5.822.350
	29.852.291	31.264.570
Þjónustugjöld		
Þjónustugjöld Brekku- og Litlihvammur	3.919.004	4.396.718
Þjónustugjöld, Miðhvammi	4.795.336	4.736.972
	8.714.340	9.133.690
Húsaleigutekjur		
Húsaleigutekjur, salur og fótáaðgerðir	1.705.827	1.404.945
Leiga endurhæfing	3.444.189	3.594.924
Leigutekjur frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	2.619.000	2.619.000
Húsaleigutekjur, Vík og Mörk	1.409.972	1.127.191
	9.178.988	8.746.060
Launabætur		
Greiðslur vegna launabóta	11.536.791	0
Húsnæðisgjöld		
Húsnæðisgjöld Hvamms	19.934.288	25.237.371
Húsnæðisgjöld Mörk	599.999	250.000
Húsnæðisgjöld Vík	600.000	250.000
	21.134.287	25.737.371
Aðrar tekjur		
Akstur o.fl.	3.081.664	1.096.442
Innheimt hárgreiðsla	2.155.900	2.104.950
Selt fæði til annarra	918.000	400.200
Seld þjónusta til Leigufélags Hvamms ehf	1.024.430	931.300
Endurgreidd þjónustugjöld/seðilgjöld o.fl.	0	4.588
	7.179.994	4.537.480

Rekstrargjöld greinast þannig:

Laun og launatengd gjöld

Laun, Húsavík	176.786.017	137.967.679
Launatengd gjöld, Húsavík	41.337.503	32.061.655
Laun, Kópaskeri	9.290.078	7.733.271
Launatengd gjöld, Kópaskeri	2.149.685	1.748.481
Laun, Raufarhöfn	2.332.770	2.310.097
Launatengd gjöld, Raufarhöfn	435.870	512.481
	232.331.923	182.333.664
Beyting á lífeyrisskuldbindingum	6.576.156	7.227.205
	238.908.079	189.560.869

Skýringar

4. Rekstrargjöld, frh.

	2015	2014
Matar- og kaffikostnaður		
Matarkostnaður, Húsavík.....	35.561.893	33.622.803
Matarkostnaður, Kópaskeri.....	2.112.509	2.131.389
Matarkostnaður, Raufarhöfn.....	1.996.946	2.380.697
	<u>39.671.348</u>	<u>38.134.889</u>
Annar rekstrarkostnaður		
Annar rekstrarkostnaður, Húsavík		
Rekstur fasteigna.....	42.382.415	29.895.802
Lyf, lækniþjónusta og umönnun.....	64.411.119	55.135.133
Þvottur og hreinlætisvörur.....	8.402.353	8.453.790
Skrifstofu- stjórnunar- og starfsmannakostnaður.....	16.808.041	17.053.670
Kostnaður tengdur vistmönnum.....	2.932.865	3.891.634
	<u>134.936.793</u>	<u>114.430.029</u>
Annar rekstrarkostnaður, Kópaskeri		
Lyf og lækniþjónusta.....	168.300	182.782
Rekstur fasteignar.....	2.145.096	2.042.498
Kostnaður tengdur vistmönnum, akstur ofl.....	1.739.016	1.714.589
Annar rekstrarkostnaður.....	193.519	214.568
	<u>4.245.931</u>	<u>4.154.437</u>
Annar kostnaður, Raufarhöfn		
Rekstur fasteignar.....	1.990.403	1.486.242
Annar rekstrarkostnaður.....	266.936	294.097
	<u>2.257.339</u>	<u>1.780.339</u>
Brekku- og Litli Hvammur		
Rafmagn	48.156	85.190
Hiti	181.105	868.215
Viðhald	9.364.850	5.028.693
Annar rekstrarkostnaður	692.054	582.532
	<u>10.286.165</u>	<u>6.564.630</u>
Miðhvammur		
Tryggingar.....	0	384.417
Viðhald, Miðhvammur.....	2.259.119	903.740
Rafmagn.....	971.505	933.711
Hiti.....	825.564	885.422
Ýmis rekstrarkostnaður.....	47.815	97.226
	<u>4.104.003</u>	<u>3.204.516</u>
- hluti í sameiginlegum kostnaði flutt á byggingardeild.....	(2.000.000)	(2.000.000)
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>153.830.231</u>	<u>128.133.951</u>

Skýringar

5. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Vist- og hjúkrunardeild			Bygginga- deild
	Áhöld og búnaður	Lóð	Bífreið	Fasteignir
Árslok 2014:				
Bókfært verð 1/1 2014	5.732.410	64.774	1.143.014	444.019.887
Viðbót á árinu	2.494.740	2.142.397	0	4.928.930
Afskrifað á árinu	(1.281.400)	(86.593)	(440.000)	(16.570.414)
Bókfært verð 31/12 2014	6.945.750	2.120.578	703.014	432.378.403
Framreiknað kostnaðarverð í lok árs	37.665.257	2.629.915	4.830.149	801.950.624
Uppsafnaðar afskriftir í lok árs	(30.719.507)	(509.337)	(4.127.135)	(369.572.221)
Bókfært verð í árslok 2014	6.945.750	2.120.578	703.014	432.378.403
Árslok 2015:				
Bókfært verð 1/1 2015	6.945.750	2.120.578	703.014	432.378.403
Viðbót á árinu	0	0	0	13.900.766
Afskrifað á árinu	(176.970)	(61.786)	(219.999)	(16.809.154)
Bókfært verð 31/12 2015	6.768.780	2.058.793	483.015	429.470.015
Framreiknað kostnaðarverð í lok árs	37.665.257	2.629.915	4.830.149	815.851.390
Uppsafnaðar afskriftir í lok árs	(30.896.477)	(571.122)	(4.347.134)	(386.381.375)
Bókfært verð í árslok 2015	6.768.780	2.058.793	483.015	429.470.015

Bókfært verð og opinbert mat á fasteignum félagsins er þannig í árslok:

	Bókfært verð	Fasteignamat	Brunabótamat
Skálabrekka 19, Húsavík.....	18.898.816	39.204.000	88.100.000
Aðalbraut 38, Raufarhöfn.....	23.665.456	10.068.000	92.300.000
Litli Hvammur 1-7, Húsavík.....	27.346.388	94.565.000	178.700.000
Litli Hvammur 8a til 9b, Húsavík.....	27.062.742	41.660.000	84.200.000
Akurgerði 2, "Mörk", Kópaskeri.....	91.021.805	24.950.000	137.350.000
Dvalarheimilisbyggingin- Miðhvammur.....	241.474.808	316.850.000	1.338.100.000
	429.470.015	527.297.000	1.918.750.000

Varanlegir rekstrarfjármunir eru vátryggðir fyrir kr. 462.636.000.

Skýringar

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Gjafir	Framlög eignaraðila	Ójafnað tap	Samtals
Hreyfingar 2014:				
Staða 1/1 2014	29.102.636	474.460.761	(568.977.972)	(65.414.575)
Framlög eignaraðila v bygginga		30.097.649		30.097.649
Endurmat búseturéttar á árinu			18.964.670	18.964.670
Endurmat búseturéttar við sölu			(17.444.816)	(17.444.816)
Halli ársins			(21.000.588)	(21.000.588)
Staða 31/12 2014	29.102.636	504.558.410	(588.458.707)	(54.797.661)

	Gjafir	Framlög eignaraðila	Ójafnað tap	Samtals
Hreyfingar 2015:				
Staða 1/1 2015	29.102.636	504.558.410	(588.458.707)	(54.797.661)
Framlög eignaraðila v bygginga		29.520.000		29.520.000
Endurmat búseturéttar á árinu			11.086.753	11.086.753
Endurmat búseturéttar við sölu			(11.103.032)	(11.103.032)
Halli ársins			(72.318.934)	(72.318.934)
Staða 31/12 2015	29.102.636	534.078.410	(660.793.920)	(97.612.874)

Framlög eignaraðila, á verðlagi hvers árs, greinast þannig:	Innborgað til 1/1 2015	Innborgað á árinu	Innborgað til 31/12 2015	í %
Tjörneshreppur.....	4.922.908	324.569	5.247.477	0,98%
Skútustaðahreppur.....	32.459.651	2.174.774	34.634.425	6,48%
Þingeyjarsveit.....	69.612.645	5.065.144	74.677.789	13,98%
Erfðafsj. og Framkvj.....	47.028.650	0	47.028.650	8,81%
Norðurþing.....	350.534.556	21.955.513	372.490.069	69,74%
	504.558.410	29.520.000	534.078.410	100,00%

7. Langtímaskuldir

	Lánskjör	Ár eftir	Eftirstöðvar
Íbúðalánasjóður og Íslandsbanki	LV + 4,5 til 5,9%	1-43 ár	185.265.380
			185.265.380

Afborganir af langtímaskuldum í árslok 2015 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2016	24.189.519
Árið 2017	12.572.236
Árið 2018	12.572.236
Árið 2019	12.572.236
Árið 2020	6.733.061
Síðar	116.626.090
	185.265.380

Skýringar

7. Langtímaskuldir, frh.

Langtímaskuldir samtals kr. 185.265.380 koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2016 og vanskil, færð meðal skammtímaskulda	24.189.519
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar meðal langtímaskulda	161.075.861
	<u>185.265.380</u>

8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast á eftirfarandi hátt:

	Nafnverð í lok árs	Bókfært verð í lok árs
Önnur félög:		
Hitaveita Öxarfjarðarhéraðs hf	1.268.000	1.268.000
		<u>1.268.000</u>

9. Skuldabréf á búseturéttarhafa

	Eftirstöðvar
Langtímakröfur í íslenskum krónum:	
Verðtryggðar skuldabréf, vextir 4,9%	20.989.445
	<u>20.989.445</u>

Framangreind vaxtahlutföll eru vextir viðkomandi lánaflokka í samræmi við vaxtakjör í árslok 2015.

Afborganir af langtímakröfum í árslok 2015 greinast þannig á næstu ár:

Árið 2016	5.119.852
Árið 2017	1.744.284
Árið 2018	1.744.284
Árið 2019	1.744.284
Árið 2020	1.744.284
Síðar	8.892.459
	<u>20.989.445</u>

Langtímakröfur samtals kr. 20.989.445,- koma þannig fram í efnahagsreikningi:

Afborganir ársins 2016, færðar meðal veltufjármuna	5.119.852
Afborganir með gjalddaga eftir eitt ár eða síðar, meðal langtímakrafna	15.869.593
	<u>20.989.445</u>

Skýringar

10. Bókfært verð búseturéttar

Um er að ræða skuld félagsins við búseturéttarhafa um búseturétt í vernduðum þjónustuíbúðum við Hvamm - heimili aldraðra. Búseturéttur er ótímabundinn og óuppsegjanlegur ef búseturéttthafi hefur innt af hendi greiðslur skv. fjármögnunaryfirlýsingu og samningi um búseturétt. Búseturéttthafi getur sagt upp samningnum með 3ja mánaða fyrirvara. Endurgreiðsla á þeim fjárframlögum sem hann hefur reitt af hendi til tryggingar búseturéttar er endurgreiddur á 18 mánaða tímabili frá því að uppsögn samnings tekur gildi.

Innlausnarverð búseturéttarins er uppfært miðað við stöðu í árslok 2015.

11. Ýmsar kröfur

Sundurliðast þannig:	2015	2014
Virðisaukaskattskrafa.....	2.125.754	2.958.673
Fyrirframgreiddur kostnaður; tryggingar o.fl.....	3.915.819	1.505.739
Áfallnir vextir skuldabréfaeignar.....	63.778	113.945
Aðrar kröfur.....	3.787.186	474.514
	<u>9.892.537</u>	<u>5.052.871</u>

12. Viðskiptakröfur

Sundurliðast þannig:	2015	2014
Gjafasjóður Hvamms.....	460.537	460.537
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga.....	233.250	233.250
Tryggingastofnun ríkisins.....	15.192.987	15.719.663
Vismenn og starfsmenn.....	8.401.579	5.473.867
	<u>24.288.353</u>	<u>21.887.317</u>

Að mati stjórnenda Dvalarheimilisins hefur ekki þótt ástæða til þessa að niðurfæra viðskiptakröfur þar sem ekki leikur vafi á um innheimtu þeirra.

13. Handbært fé

Sundurliðast þannig:	2015	2014
Tékkareikningur nr. 949 í Landsbanka.....	464.765	0
Tékkareikningur nr. 10108 í Íslandsbanka.....	163.416	546.286
Tékkareikningur nr. 6300 í Íslandsbanka.....	2.003	1.939
Sjóður Húsavík.....	342.000	6.650
Sjóður Raufarhöfn.....	2.031	4.071
Sjóður, Mörk.....	2.797	2.797
Landsbanki Íslands reikningur nr.1430.....	2.007.855	0
	<u>2.984.867</u>	<u>561.743</u>

Skýringar

14. Viðskiptaskuldir og ýmsar skammtímaskuldir

Sundurliðast þannig:	2015	2014
Ógreitt í lífeyrissjóð.....	7.669.068	4.015.649
Ógreitt tryggingagjald.....	3.321.168	1.115.486
Ógreidd önnur launatengd gjöld.....	791.369	434.986
Ógreidd staðgreiðsla.....	9.393.908	2.531.750
Viðskiptaskuldir vistdeildar.....	40.468.591	25.044.290
Viðskiptaskuldir byggingadeildar.....	974.671	1.309.046
Áfallnir vextir langtímaskulda.....	827.595	248.959
Reiknað áfallið orlof.....	10.291.200	9.335.924
Ýmsar viðskiptaskuldir.....	118.537	1.074.673
	<u>73.856.107</u>	<u>45.110.763</u>

15. Lífeyrisskuldbindingar

Greinist þannig:

Staða 1. janúar 2015.....	54.900.000
Greitt á árinu.....	(4.437.846)
Hækkun á árinu 2015.....	6.576.156
Staða 31. desember 2015.....	<u>57.038.310</u>

16. Veðsetningar

Eftirfarandi fasteignir félagsins eru veðsettar fyrir eftirstöðvum langtímaskulda félagsins þannig:

Vallholtsvegur 17, Húsavík.....	24.038.996
Litli Hvammur 8a til 9b, Húsavík.....	5.817.133
Litli Hvammur 1 - 7, Húsavík.....	11.319.996
Aðalbraut 40, Raufarhöfn.....	2.219.286
Akurgerði 2, Kópaskeri.....	106.322.053
Skálabrekka 19, Húsavík.....	<u>2.274.512</u>
	<u>151.991.976</u>

17. Kennitölur

Aðrar upplýsingar	2015	2014
Legudagar í vistrými.....	6.200	6.200
Legudagar í hjúkrunarrými.....	9.139	8.643
Legudagar í hvíldarinnlögnum.....	721	744
Legudagar samtals.....	16.060	15.587
Fjöldi vistrýma.....	17,0	17,7
Nýting vistrýma.....	99,92%	98,40%
Fjöldi hjúkrunarrýma.....	25,0	24
Nýting hjúkrunarrýma.....	100%	99,97%
Fjöldi hvíldarryma.....	2	2
Meðalaldur vistmanna.....	85,8	84,4
Fjöldi starfsmanna að meðaltali.....	40	40
Stöðugildi.....	33	30

Skýringar

18. Aðrar upplýsingar

Á árinu 2014 var höfðað mál gegn íslenska ríkinu um leigugreiðslur vegna afnota húsnæðis Dvalarheimilisins undir hjúkrunarheimili. Fari málið á besta veg getur það haft verulegan ávinning í för með sér fyrir stofnunina en versta mögulega niðurstaða væri að henni væri gert að greiða gagnaðila málskostnað.

19. Rekstrarhæfi félagsins

Reikningsskilin eru samin miðað við áframhaldandi rekstur. Eins og fram kemur í efnahagsreikningi félagsins er bókfært eigið fé félagsins uppuríð og er eiginfjárlutfall neikvætt um -18,8%. Þá er veltufjárlutfall félagsins í árslok 0,43. Viðvarandi taprekstur hefur verið hjá félaginu á liðnum árum og skv. fjárhagsáætlun félagsins fyrir árið 2016 verður áfram tap á rekstri þess. Eigendur félagsins hafa lagt félaginu til fé árlega á liðnum árum og þannig tryggt rekstrarhæfi þess, auk þess sem þeir eru í ábyrgðum fyrir félagið vegna félagsformsins. Ekki hefur annað komið fram en að stuðningur eigenda við félagið vari a.m.k. út yfirstandandi rekstrarár.

20. Viðskipti við tengda aðila

Tengdir aðilar félagsins eru eignaraðilar og félög í þeirra eigu, stjórnarmenn og stjórnendur ásamt mökum þeirra og ófjárráða börnum. Upplýsingar varðandi tengda aðila eru eftirfarandi:

	<u>2015</u>	<u>2014</u>
Viðskipti við tengda aðila:		
Seld þjónusta til eignaraðila og félaga í þeirra eigu	(3.139.178)	(2.231.500)
Kröfur á tengda aðila í árslok greinast þannig:		
Norðurþing	1.818.000	1.300.200
Leigufélag Hvamms ehf.	1.028.916	58.895
	<u>2.846.916</u>	<u>1.359.095</u>

